

Skoðaðu flæðiritið og teiknaðu myndir í auðu reitina sem sýna þessi þrjú mikilvæg skref.

Tryggja eigið öryggi og öryggi barnsins

Athuga: Ungbarn = 0-1 árs

Sýnir barnið einhver viðbrögð við áreiti?

Nei

**Kalla eftir aðstoð**  
**Er öndun eðlileg?**  
> Opna öndunarveginn; halla höfðinu aftur og lyfta hökunni  
> Horfa, hlusta og finna hvort öndun er eðlileg

Já

Nei

Ef öndun er eðlileg, hafa barninu í **hliðarlegu** og halda öndunarveginum opnum með því að halla höfðinu aftur og lyfta hökunni.

Blása fyrst 5 sinnum og síðan 2 sinnum

**Hringja eftir aðstoð í 112**  
> Byrja á að blása 5 sinnum: Opna öndunarveginn. Setja munninn alveg yfir munn og nef barnsins og blása varlega í um 1 sekúndu.  
> Hnoða 30 sinnum með tveimur fingrum, þrýsta bringubeininu niður um 1/3 af þykkt brjóstkassans. Hnoða á taktinum 100 hnoð á mín.  
> Blása síðan 2 sinnum.  
> Halda áfram að hnoða 30 sinnum og blása 2 sinnum til skiptis þar til sérhæfð aðstoð berst.  
> Ef ekki er hægt að blása í barnið skal eingöngu beita hjartahnoði.  
> Ef aðeins einn björgunarmaður er á staðnum skal viðkomandi framkvæma endurlífgun í 1 mínútur *sáður farið er eftir aðstoð. Ekki eblila barnið eitt*

Hnoða 30 sinnum